



LANDSSAMBAND
smábátæigenda

KLAPPARSTÍG 27 PÓSTHÓLF 163
121 REYKJAVÍK SÍMI 552 7922
PÓSTFAX 562-6590

Alþingi
Erindi nr. P 127/195
komudagur 13.3.2002

12. mars 2002

Samgöngunefnd Alþingis
Guðmundur Hallvarðsson formaður

Efni: Frumvarp til hafnalaga.

Landssamband smábátæigenda (LS) ítrekar framkomna bókun sbr. fylgiskjal nr IV í frumvarpinu. Jafnframt gerir LS athugasemdir í þremur liðum ásamt hugleiðingum sem fram koma í inngangi.

Inngangur

Á undanförunum árum hafa átt sér stað miklar endurbætur á hafnaraðstöðu fyrir smábáta. Stórstígasta uppgötvunin á því sviði hafa verið flotbryggjur þar sem hverjum bát er afmarkað sitt staði. Aðgangur að flotbryggjunum hefur svo verið óheimill öðrum en aðstöðuna nota. Gjaldtaka fyrir þessa aðstöðu hefur verið sanngjörn. Ennfremur hefur á öllum stærri hafnarsvæðum fyrir smábáta verið komið upp aðstöðu til að taka bátana upp í formi steiptar skábrautar, þannig að auðvelt hefur verið að renna bátavagni niður og sigla bátunum inn í og draga vagn með báti á á land. Undanskilið með þessa aðstöðu hefur þó verið hér í Reykjavík, en þar hefur skábrautin ekki leyst hýfinguna af hólmi.

Þar sem nú hefur verið þrengt að veiðirétti smábáta (kvótasetning þorskaflahámarksbáta) má búast við að ekki verði fjölgun í þeirra hópi. Gera má því ráð fyrir að nýframkvæmdir við hafnaraðstöðu smábáta verði í lágmarki næstu árin, en stöðugt unnið að endurbótum og fyrirkomu nýrra þjónustubátta.

Hin mikla uppbygging sem leitt hefur af sér góða aðstöðu fyrir smábáta hefur einnig orðið til þess að tjón í höfnum hafa minnkað og þar með öryggi aukist.

Þegar horft er til framanritaðs er ekki nema von að spurt sé, hvort ástæða sé til að fella úr gildi stjórnun sem leitt hefur til þessara farsælu þátta.

Athugasemdir

- I. Sökum smæðar sinnar er ekki raunhæft að smábátæigendur geti flutt sig milli hafna og þannig stuðlað að virkri samkeppni hvað varðar gjaldtöku.

- II. Í 11. gr. frumvarpsins kemur fram að „samanlagðar tekjur af álögðum gjöldum skv. 1. og 2. tölul. mega ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við að reka höfnina.“ 1. og 2. tölul. fjalla um skipa- og vörugjöld. Ákvæði þetta er síðan ítrekað í 17. gr. og orðast svo: „Skipa- og vörugjöldum skal varið til reksturs hafnarinnar. Samanlagðar tekjur af álögðum gjöldum skv. 1. og 2. tölul. 1. mgr. mega ekki vera hærri en sem nemur kostnaði við að reka höfnina skv. 5. tölul. 3. gr.“ 5. tölul. 3. gr. er svohljóðandi: „Rekstur hafnar í lögum þessum táknar að byggja, reka, viðhalda og endurnýja hafnarmannvirki.“ Skilningur undirritaðs á þessum tilvitnunum er sá að um er að ræða kostnað sem til fellur frá og með gildistöku laganna 1. júní nk. Nauðsynlegt er að slíkt komi skýrar fram í lögum eða umsögnum tilv. greina.
- III. Undirritaður telur að með samþykkt þessa frumvarps sé rekstri margra skuldsettra hafna stefnt í hættu. Í frumvarpinu er, eins og rækilega er gerð grein fyrir í II. kafla þessarar umsagnar, ekki gert ráð fyrir að gjaldtaka hafna taki mið af stöðu þeirra við gildistöku laganna. Því er veruleg hættu á að vandræði skapist þegar ríkisframlagi sleppir.

Virðingarfyllt
fh. Landssambands smábátæigenda


Örn Pálsson framkvæmdastjóri